

KÓRSKÓLI LINDAKIRKJU

NYJUNG!
NYJUNG!

Í næstu viku (12. september) verður nýjum æskulýðskór fyrir börn í 6. –8. bekk hleypt af stokkunum á vegum Lindasóknar. Kórinn hefur hlotið vinnuheitið *Kórskóli Lindakirkju*. Kennari og stjórnandi er Keith Reed organisti og tónlistarstjóri safnaðarins. Auk hefðbundins kórastarfs verða kennd undirstöðuatriði í söng, tónheyrn og nótnalestri. Kórskólinn er stofnaður til að efla tónlistarlíf í söfnuðinum. Á dagskrá vetrarins er þátttaka í stórum fjórflunar-tónleikum fyrir jól, söngur á aðventukvöldvöku safnaðarins, stefnt verður að því að setja upp söngleik á vormisseri en nemendur í Kórskóla Lindakirkju munu einnig syngja við guðsþjónustur safnaðarins einu sinni í mánuði. Þátttökugjald er 10.000 kr. á önn en æft verður í tónmenntastofu Salaskóla á miðvikudögum kl. 16-18. Skráning í kórskólann er þegar hafin á heimasíðu safnaðarins www.lindakirkja.is



Keith Reed

SÚPUSAMVERUR FYRIR ELDRI BORGARA

Verða fimmtudagana


20. september

18. október

15. nóvember

13. desember

í sal Hestamannafélagsins Gusts í
Álalind frá kl. 12-13:30.



Öllum þykir sopinn góður

Takk fyrir vatnið!

Hjálparstarf
kirkjunnar
help.is

FRÉTTABRÉF LINDASÓKNAR

2. tbl. 5. árg. HAUST 2007

VETRARSTARFIÐ HEFST Á SUNNUDAGINN

Næstkomandi sunnudag, 9. september kl. 11 verða fyrsta messa og sunnudagaskóli vetrarins haldin í Salaskóla. Þetta er annað árið í röð sem söfnuðurinn fær inni með helgihaldið í skólanum.

Pó að ekki hafi enn verið byggð kirkja í hverfinu verður fjölbreytnin í helgihaldinu mikil. *Lofsveit Lindakirkju* leiðir tónlistina einu sinni í mánuði auk þess sem nemendur í Kórskóla Lindakirkju munu einnig koma við sögu (sjá baksíðu).

Sunnudagaskólinn verður á sínum stað en með breyttu sniði. Nánar er greint frá því annars staðar í fréttabréfinu. Í þessari fyrstu messu vetrarins verða nýjungar í helgihaldinu kynntar, Kór Lindakirkju syngur undir stjórn Keith Reed og Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur þjónar. Sóknarbörn eru hvött til að fjölmenna á sunnudaginn.



SALASKÓLI

(Mynd: Krissy)

FASTIR LIÐIR

Sunnudagar

- Kl. 11:00 Sunnudagaskóli og guðsþjónusta í Salaskóla.

Mánudagar

- 12 sporin - Andlegt ferðalag.

(ATH! Lokað námskeið. Nýtt námskeið eftir áramót).

Þriðjudagar

- Kl. 10-12 Foreldramorgnar í Safnaðarheimilinu.

- Kl. 16-17 KFUM fyrir 9-12 ára drengi í Safnaðarheimilinu.

- kl. 19:30-21 KFUM&K fyrir 9.-10. bekk í Safnaðarheimilinu.

Miðvikudagar

Kl. 16:00-18:00 Kórskóli Lindakirkju í Salaskóla.

Kl. 20:00-21.30 KFUM&K fyrir 8. bekk.

Fimmtudagar

Kl. 20 Kóræfingar kirkjukórsins í Safnaðarheimilinu.

Föstudagar

Kl. 15-16 KFUK fyrir 9-12 ára stúlkur í Safnaðarheimilinu.



FRÉTTABREIF LINDASÓKNAR

Ábyrgð, ritun og uppsetning:
Guðmundur Karl Brynjarsson.

Prófarkalestur: Þorgils Hlynur Þorbergsson

Fréttabréfið er gefið út í 4500 eintökum og dreift á öll heimili í Lindasókn.

Netföng og símanúmer

Safnaðarheimili Lindasóknar s. 544 4477.

Sigríður Kjartansdóttir, meðhjálpari og húsvörður í safnaðarheimilinu. Netfang: sigridur@lindakirkja.is

Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur. Netfang: guðmundur.karl@lindakirkja.is


Bryndís Malla Elísdóttir, prestur, Netfang: srmalla@breidholtskirkja.is.

Keith Reed organisti og kórstjóri. Netfang: keith@lindakirkja.is


Fréttir af kirkjubyggingu

-hafist handa

Sóknarnefnd Lindasóknar samþykkti á fundi sínum miðvikudaginn 4. september að ganga til samninga við ÍSTAK hf um uppsteypu Lindakirkju og frágang utanhúss. Framkvæmdir við þennan fyrsta áfanga hefjast að vonum fljótlega en áætlað er að vinnu við hann ljúki næsta sumar.



Meðfylgjandi er tölvu-mynd af lýsingu í kirkju-skipinu.



Kæru lesendur. Við vitum vel að sumarið er varla liðið en minnum samt á jólakort Lindakirkju. Þau fást í safnaðarheimilinu og eru seld 10 saman í búnti á aðeins 1000 krónur.

SKÍRN

Óliver Myrkvi var skírður 5. apríl heima í Flesjakór 9. Foreldrar hans eru Ævar Valgeirsson og Sigrún Berglind Andrésdóttir. Eldri systir Ólivers Myrkva er Guðrún Elín.

Erna María var skírð 7. apríl í Hjallakirkju. Foreldrar hennar eru Klara Katrín Friðriksdóttir og Helgi Már Bjarnason. Erna María á þriggja ára systur sem heitir Rakel Rut en Arnar Freyr, stóri bróðir þeirra var skírnavottur.

Andrea Hrönn var skírð 8. apríl. Foreldrar hennar eru Þórdís Þórðardóttir og Hörður Már Þorvaldsson. Eldri systir Andreu Hrannar er Auður Krista 3 ára.

Jóhann Ingi var skírður 22. apríl heima í Laxalind 3. Foreldrar hans eru Erna Sigríður Jóhannsdóttir og Eggert Gottskálksson. Eldri bróðir Jóhanns Inga heitir Gottskálk Þorsteinn en Alexandra Ólöf, systir þeirra var skírnavottur.

Nói Már var skírður 26. maí heima í Fannahvarfi 1. Foreldrar hans eru Vigdís Ólafsdóttir og Einar Jónsson. Bjartur Kári heitir stóri bróðir Nóa Más.

Þorgeir var skírður 16. júní heima í Blásölum 15. Foreldrar hans eru Unnur Þorgeirsdóttir og Guðlaugur Bollason.

Sandra María var skírð 16. júní heima í Rjúpnasölum 12. Foreldrar hennar eru Anna Valsdóttir og Valdimar Helgi Pétursson. Valdís Anna, systir Söndru Maríu, er tveggja ára.

Tómas var skírður 16. júní heima í Laxalind 5. Foreldrar hans eru Nanna Þóra Jónsdóttir og Áni Gíslason. Systkini Tómasar eru Karen Mist 17 ára og Gísli Jón, 9 ára.

Kristbjörg Ásta var skírð 16. júní heima hjá ömmu og afa við Engjasel. Foreldrar Kristbjargar Ástu eru Salóme Huld Garðarsdóttir og Gunnar Magnússon.

Róbert Liljar var skírður 17. júní heima í Álfronuhvarfi 59. Foreldrar hans eru Jóney Hrönn Gylfadóttir og Sigurjón Atli Sigurðsson. Róbert Liljar á eldri bróður, Tómas Liljar, sem er alveg að verða 3 ára.

Haldór var skírður 28. júní heima í Straumsölum 6. Foreldrar hans eru Anna Guðrún Halldórsdóttir og Haldór B Hreinsson. Eldri systkini Haldórs eru Hjörtur og Sigrún Ingibjörg.

Sunneva Rán var skírð 6. júlí heima í Lómasölum 41. Foreldrar hennar eru Nanna Hlín Skúladóttir og Steingrímur Birkir Björnsson. Bræður hennar eru Birkir Freyr 8 ára og Björn Breki 5 ára.

Sunna Sól var skírð 8. júlí heima í Frostþingi 7. Foreldrar hennar eru Gullveig Unnur Einarisdóttir og Páll Arnarsson. Eldri systur Sunnu Sólar eru Eva Rún, Ama Björg og Ástrós Erla.

Hlynur Finnbogi var skírður 10. júlí. Foreldrar hans eru Karen Víðisdóttir og Karl Fjölur Finnbogason. Eldri bróðir Hlynns Finnboga er Víðir Freyr, 2 ára.

Hjördís Ósk var skírð 29. júlí. Foreldrar hennar eru Hildur Óskarsdóttir og Viðar Blöndal. Bróðir Hjördísar Óskar er Björn Andri 4 ára.

Tristan Breki var skírður 29. júlí. Foreldrar hans eru Unnur Ósk Björgvinsdóttir og Guðmundur Jóhannsson. Eldri bræður Tristans Breka eru Jóhann Freyr, Ólafur Amar og Elvar Ingi.


Hekla Líf var skírð 25. ágúst heima í Andarhvarfi 6. Foreldrar hennar eru Guðrún Björg Bragadóttir og Guðlaugur S. Sigurgeirsson. Skírnavottar voru eldri systur Heklu Lífar, Hildur Ýr og Þórdís Linda.

Teitur Bjarmi var skírður 27. ágúst heima í Suðursölum 3. Foreldrar hans eru Jóna Guðlaug Sigurðardóttir og Jónmundur I. Ásbjörnsson. Systkini Teits Bjarma eru Sigurbjörn Máni 11 ára og Una Sól 8 ára.

NÝJUNGAR Í SUNNUDAGASKÓLANUM

Sunnudagskólinn er sívinsæll hjá börnunum og hefur aðsóknin í hann aukist ár frá ári hér í Lindasókn. Umsjónarmenn verða að mestu þeir sömu og fyrri ár; Mjöll Þórarinsdóttir, Guðrún Fjöla Guðnadóttir, Einar Helgi Ragnarsson og Eggert Kaaber en nú hefur bæst nýr liðsmaður í hópinn, Þorleifur Einarsson.

Sunnudag verður með nokkuð breyttu sniði. Að venju verður lögð áhersla á biblíusögur og barnasálma en til liðsinnis hefur sunnudagaskólinn fengið fullorðin hjón, strengjabrúðurnar Láka og Veigu sem munu hjálpa til við að fræða börnin og skemmta þeim í vetur. Sýnt verður brúðuleikhús á hverjum sunnudegi en auk þess munu ýmsir skemmtilegir gestir koma og ræða við börnin í vetur. Meðal annars skessan sem þekkt er úr sögunni um Siggú og skessuna og ýmsir fleiri. Að þessu sinni munu börnin ekki fá afhentan poka með litprentuðum heftum en þess í stað fá þau að líma limmiða á stóra málaða mynd af Lindakirkju og er markmiðið að „fylla kirkjuna“ í vetur.



Lindasókn heldur fundi fyrir börn og unglinga í vetur í samstarfi við KFUM og KFUK eins og fyrri ár og fer starfið fram í Safnaðarheimili Lindasóknar.

Fundir fyrir 9-12 ára stráka eru á þriðjudögum kl. 16-17. Umsjónarmaður er sr. Guðni Már Harðarson. Fundir fyrir 9-12 ára stelpur eru á föstudögum kl. 15-16. Ástríður Jónsdóttir hefur umsjón með því starfi eins og tvö undanfarin ár. Rúta ekur um hverfin fyrir og eftir fundi. Á þriðjudögum frá Vatnsendaskóla kl. 15:30, er við Hörðuvallaskóla kl. 15:40 og við Lindaskóla kl. 15:50. Á föstudögum við Vatnsendaskóla kl. 14:30, Hörðuvallaskóla kl. 14:40 og við Lindaskóla kl. 14:50.

Æskulýðsfélag fyrir 8. bekk er á miðvikudögum kl. 20-21.30 umsjónarmaður er Jón Ómar Gunnarsson. Á þriðjudögum kl. 19:30-22:00 er æskulýðsstarf ætlað unglingum í 9. og 10. bekk. Einar Helgi Ragnarsson og Hjördís Rós Jónsdóttir eru umsjónarmenn með því starfi.



Opin fjölskyldudeild AA samtakanna.

Fundir eru haldnir alla föstudaga kl. 20 í Safnaðarheimili Lindasóknar.